



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2026

Efni: Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna

Þann 19. mars 2025 var undirritað samkomulag um breytta ábyrgðaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum barna með fjölþættan vanda. Í 3. gr. samkomulagsins kemur fram að ríkið taki að sér framkvæmd og beri ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimilis og hafa verið metin í þörf fyrir þjónustu á þriðja stigi, eigi síðar en 1. janúar 2026.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir upplýsingum um hvernig sá hópur barna sé skilgreindur sem samkomulagið tekur til, þar á meðal hvort það taki til barna sem eru vistuð utan heimilis á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga og einnig þeirra sem eru vistuð á grundvelli 21. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvaða breytingar hafi orðið á þjónustu við þann hóp barna sem samkomulagið tekur til.

Umboðsmaður barna fékk þær upplýsingar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu þann 4. september sl. að verið væri að vinna að því að koma upp úrræðum til skamms tíma sem taka myndu til starfa í byrjun árs 2026. Umboðsmaður óskar eftir upplýsingum um hvort og þá hvaða úrræðum hafi verið komið upp í tengslum við samkomulag um ábyrgðaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum barna með fjölþættan vanda. Einnig hvort ríkið hafi gert samninga við þau sveitarfélög sem hafa rekið úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda um áframhaldandi rekstur þeirra úrræða. Þá óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort þjónustupörf barna sem vistuð eru í einkaúrræðum hafi verið greind og jafnframt hvernig eigi að koma í veg fyrir þjónusturof hjá þeim börnum. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hversu marga samninga við einkaúrræði ríkið hafi tekið yfir af sveitarfélögum.

Í 7. gr. samkomulagsins kemur fram að það sé gert með fyrirvara um að Alþingi samþykki nauðsynlegar lagabreytingar sem og breytingar á fjárlögum. Umboðsmaður barna óskar eftir upplýsingum um hvaða nauðsynlegu lagabreytingar sé átt við, hvort þær hafi verið samþykktar og hvort það hafi áhrif á gildistöku samkomulagsins.

Umboðsmaður barna óskar hér með eftir því að mennta- og barnamálaráðuneytið veiti umboðsmanni barna umbeðnar upplýsingar, eftir atvikum með atbeina *Stýrihóps um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda*, eigi síðar en 26. janúar nk.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna